

Stjórnarfundur FHB

haldinn í bókasafni BÍ 14. apríl 2011

Að loknum formannafundi 2011 var haldinn stuttur stjórnarfundur þar sem mættir voru allir stjórnarmenn auk framkvæmdastjóra.

Rætt um formannafundinn sem þótti góður. Samþykkt að Eyþór og Hulda verði tengiliðir við verkefni það er Ólafur H. Einarsson frá Eiðfaxa kynnti á fundinum.

Því næst rætt um ný jarðalög og ákveðið að Kristinn fylgi því máli eftir. Fá þarf frekari upplýsingar um löggin og hvaða áhrif þau hafa.

Farið yfir kostnað og framvindu „Imprinted by Origin“ verkefnisins og næstu skref ákveðin, þ.e. frekari úrvinnsla á netinu og kaup á sérfræðiþjónustu þar um.

Sigbjörn sagði frá FEIF Breeding Seminar, námskeiði fyrir unga sýnendur kynbótahrossi, sem haldið var í byrjun apríl á Skeiðvöllum. Stjórn FHB samþykkti að styrkja námskeiðið um 60.000 kr.

Söguritun félagsins áfram rædd og mikilvægi þess að taka viðtöl við upphafsmenn félagsins á meðan þeirra nýtur enn við. Hulda mun skoða þann möguleika að fara í gagnaöflun og viðtöl í haust.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

HGG/hgg